

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2015

2016/EES/69/37

frá 11. júní 2015

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/55/ESB frá 16. apríl 2014 um rafræna reikninga í opinberum innkaupum ⁽¹⁾.
- 2) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2011) í XVI. viðauka við EES-samninginn:

„6e. **32014 L 0055**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/55/ESB frá 16. apríl 2014 um rafræna reikninga í opinberum innkaupum (Stjtið. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/55/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.